

KLÓRGEYMSLUR

Leiðbeiningar um natriumhýpóklórítlausn í sundlaugum

- Verklagsreglur:** Gera skal verklagsreglur um meðferð klórs, þ.m.t. um móttöku, og skulu þær kynntar starfsmönnum og vera þeim aðgengilegar.
- Öryggisblöð:** Öryggisblöð fyrir klór skulu kynnt starfsmönnum og vera þeim aðgengileg og eitt eintak staðsett við klórgeymslu.
- Ábyrgðarmaður:** Sérstakur ábyrgðarmaður, sem hlotið hefur viðeigandi kennslu og þjálfun, skal bera ábyrgð á klórkerfinu. Tilnefna skal starfsmann/-menn til þess að sjá um og samþykkja móttöku klórs.
- Geymsla:** Klórgeymsla innanhúss skal vera læsanleg með vélrænni loftræstingu þannig að undirþrýstingur sé í henni gagnvart nærliggjandi rýmum. Klórgeymsla utandyra skal ávalt vera læst þegar ekki er verið að þjónusta hana. Hún skal vera með viðrunaropum og varin gegn sólarhitun og regni.
- Pró:** Undir klórtanknum skal vera heilsteypt pró án botnops úr plasti, steinsteypu eða málmni sem tekið getur við öllu magninu í klórtanknum.
- Tæming þróar:** Fari klórlausn niður í þróna skal hún tæmd með uppdælingu. Nota skal persónuhlífar í samræmi við upplýsingar í öryggisblöðum.
- Slysavarnir:** Neyðarsturta og augnskölubúnaður skal vera aðgengilegur. Að öðru leyti vísast í öryggisblöð (ÖB).

Klórlausnin er upplausn af natriumhýpóklórítí, NaClO (aq), sem er eitrað fyrir vatnalífverur. Lausnin er lútkennnd og ætandi og myndar sár og þarf því að verja augu og húð fyrir henni. Lausnin gefur frá sér eitrað klórgas ef hún blandast sýru. Klórgas myndar ætisár á slímhimnu öndunarfæra. Gasgrímur sem síá klórgas og þekja allt andlitið þurfa því að vera aðgengilegar þeim sem vinna nálægt klórkerfinu og nýjar virkar síur í grímurnar ávallt til reiðu, samanber ÖB. Hiti, sólarljós og óhreinindi brjóta hýpóklórítíð niður og sótthreinsivirknin minnkar og gasþrýstingur getur byggst upp í kerfinu og aukið slettu- og lekahættu.

Sjá einnig: Öryggi við notkun og geymslu á klór og vatnslausnum klórs, Vinnueftirlit ríkisins, Leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 1 1992

http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/oryggi_notkun_klor.pdf